

1860.
30. ágúst.

málastjórnin finnur þess vegna ástæðu til að geta þess, að eins og það er vitaskuld, að Krause getur ekki fengið neina borgun fyrir þann tíma, sem hann hefir dvalið á Íslandi eptir að gufuskipið fór þaðan, þannig býst stjórnin og við að þér, herra stiptamtmaður, gætið þess, að Hanstein dýralæknir ílengist þar ekki, til kostnaðarauka fyrir hið opinbera, lengur en þörf er á.

Að endingu skal þess getið, að nefndin í bræfi 31. f. m., er hún sendi beina leið hingað, hefir skýrt frá, að hún hafi sent amtmönnunum í norður- og austurumdæminu og í vesturumdæminu form til skýrslna um tölu fjárins, heilbrigðisástand þess m. m., og beðið embættismenn þessa sjá svo um, að slíkar skýrslur yrðu búnar til í hverjum hrepp, í fyrsta skipti við endalok septembermánaðar í haust, og síðan tvisvar á þriggja mánaða fresti. Um þetta efni eruð þér beðnir að tilkynna nefndinni, að dómsmálastjórnin hefir fallizt á þessa ráðstöfun hennar.

31. ágúst. **49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.**

Eins og sjá má af eptirriti því, sem fylgir bræfi þessu, af bænarskrá, er landlæknirinn á Íslandi, Hjaltalín jústizráð, hefir sent beina leið hingað, hefir hann skýrt frá því, að 3 efuilegir ungir stúdentar hafi farið þess á leit við sig, að hann veitti þeim kennslu í læknisfræði, og þvínæst sótt um, að þeir 200 ríkisdalir, sem samkvæmt konungsráðskurði 12. ágústm. 1848 fyrst um sinn á ári hverju má greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts í borgun fyrir slíka kennslu, verði lagðir undir umráð landlæknisins, til þess þeim verði varið sumpart í ölmusur handa þeim, er ætla að verða aðstoðarlæknar, og sumpart til að kaupa fyrir bækur og áhöld, er þurfa við kennsluna, þaræð það megi sjá fyrir, að héraðslæknarnir hvorki vilji nè geti notað leyfi það, sem þeim er veitt til að kenna aðstoðarlæknum; en fari svo, að fê þetta ekki undir eins þetta árið geti orðið greitt úr jafnaðarsjóðunum, þá hefir landlæknirinn, til þess að missa ekki

af þeim 3 efnismönnum, sem æskja kennslunnar, og þegar hafa tveir af þeim numið forspjallsvísindi læknismenntarinnar, farið fram á, að það sé til bráðabyrgða greitt annaðhvort úr spítalasjóðnum, eða af þeim 4000 ríkisdöllum, sem þetta árið eru veittir til óvissra gjalda, með þeim skilmála, að það verði seinna meir endurgoldið úr jafnaðarsjóðum amtanna; hann hefir og tekið það fram, að það sé vitaskuld, að landlæknirinn sjái svo um, að kennslan einnig komi hinum umdæmunum að notum, því læknaefni þessi muni skipta sér niður á víð og dreif um landið, eptir að þeir sæu búnir að fá *veniam practicandi*, sem landlæknirinn muni hafa heimild til að veita þeim, er hann hefir sjálfur kennt.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður um, herra stiptamtmaður, um leið og þér bendið Hjaltalín jústizráði á það, að hann eigi framvegis að senda bænarskrár sínar til stiptamtmanns áður en þær koma til stjórnarinnar, að tilkynna honum, að með tilliti til borgunar fyrir kennslu aðstoðarlækna m. m. beri að fara eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. maím. 1849 til stiptamtmanns þess, er þá var á Íslandi; fylgir hér með útdráttur úr bréfi þessu, og eruð þér beðnir að gjöra Hjaltalín jústizráði kunnugt efni þess; en eptir því, sem þar er fyrir mælt, eiga þeir landlæknirinn og amtmennirnir að semja um og koma sér saman um öll þau atriði, er að þessu líta. Hvað það snertir, er landlæknirinn bað um til vara, þá skal þess getið, að fé það, sem hér er um rætt, verður hvorki greitt úr spítalasjóðnum, þaræð það kæmi í bága við konungsráð 12. ágúst. 1848 að verja fé hans á þann hátt, nè heldur af þeim 4000 ríkisdöllum, sem þetta árið eru veittir til óvissra gjalda fyrir Ísland, þó ekki væri af öðru, þá samt þess vegna, að búið er að verja þeim til annars.

En um það, hve yfirgripsmikil kennsla sú ætti að vera, sem veitt yrði aðstoðarlæknum þessum, og um það, hvern rétt þeir ættu að öðlast til að hafa við lækningar eptir að kennslan er búin, þá álitur dómsmálastjórnin, að í því efni beri að fara eptir uppástungum hins konunglega læknaáðs í bréfi S. ágúst. 1848, sem er birt stiptamtmaninum yfir Íslandi með

1860.
31. ágúst.

bréfi hëðan 18. s. m., og er því þar farið fram, að það sem aðstoðarlæknum þessum skuli leyft að gjöra, sé það: að þeir til bráðabyrgða megi liðsinna þeim, er hafa orðið fyrir meiðslum, eður öðrum sjúklíngum, þangað til náð verður til læknis, eður að minnsta kosti ráð hans verða fengin bréflaga, og skuli því haga kennslu þeirra á þann hátt, að þeir beri skyn á meiðsli og sjúkdóma, er optast koma fyrir, og reglurnar um meðferð þeirra á fyrsta stigi, svo að þeir séu færir um að liðsinna sjúklíngum til bráðabyrgða með því að búa um þá, binda um sár þeirra, taka blóð, fyrir skipa um mataræði, og ráðleggja þau fáu og einföldu lyf, sem þeim þætti trúandi fyrir að hafa undir höndum, t. a. m. uppsölumédöl, niðurgangslýf, kælandi og hressandi lyf. Rétt þann, sem aðstoðarlæknar eptir þessu hafa til að við hafa lækningar má þó, samkvæmt uppástungu Rosenörns stiptamtmanns í bréfi 18. febrúarm. 1849, rífla á þann hátt, að þeim sé heimilt að halda áfram læknisumsjón yfir sjúklíngum, þegar þetta er gjört eptir tilmælum hins rétta læknis, og með eptirliti hans, t. a. m. á þann hátt, að þeir skrifist á við hann, eður þá með því, að aðstoðarlæknirinn riti dagbók um sjúkdóminn, sem héraðslæknirinn á eptir geti rannsakað, eður með öðru áþekku móti. Samkvæmt þessu ætti að haga kennslunni, og einkum ætti hún, eptir álitu læknaráðsins, með öllu að vera miðuð við verklega framkvæmd, en laus við alla vísindalega útlistun. Til að sanna hæflegleika aðstoðarlækna til að hafa við lækningar innan þeirra takmarka, sem nú var sagt, á landlæknirinn að gefa þeim vitnisburð um, að þeir hafi öðlazzt næga þekkingu til þess og séu færir um það.

Að síðustu skal því við bætt, að amtmanninum yfir vestur-umdæminu og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið sent eptirrit af bréfi þessu, og skorað á þá um að nota tækifæri það, sem nú býðst, til þess að koma á betri læknaskipun í umdæmum þeim, sem þeir eru yfir skipaðir.